

MYNDLIST Á LISTAHÁTÍÐ

Sýning Félags íslenzkra myndlistarmanna á þessari Listahátíð sýnir þann grun, að málarnir hafi nú tekið forystuna í listsköpun á Íslandi.

Á þessu hafa menn ymprað nokkrum sinnum, og nú síðast Hall dór Kiljan Laxness í ræðu sinni við setningu Listahátíðarinnar.

Raunar verður ekkert fullt í þessum efnum á þeim tíma, sem hlutverkaskiptin eru talin eiga sér stað, án þess að hægt sé að mæla á móti. En sagan mun skera úr, hvort málarnir hafi tekið

inni, óflutt bæði innanlands og utan. Hávaðalaust hafa tónskáldin verið að semja, árum saman án þess menn viti, hvað þar hefur gerzt, og enn halda málarnir áfram deillum sínum og bramli. Þótt styrkurinn virðist nú liggja að mestu öðrum megin. Þá er hávaðinn því meiri hinum megin frá.

Sýningunni í Listasafni Íslands mun ætlað að sýna „status“ ísl. myndlistar á allra síðustu árum, og þetta hefur að nokkru leyti tekið varðandi málalistina, þótt mikið skorti á fulla breidd. Þar sýna aðeins meðlimir Félags ísl. myndlistarmanna og einn boðsgestur, Gunnlaugur Scheving. Á þessari málverkasýningu er ekkert verk eftir Svavar Guðnason, en það er í hæsta máta óviðkunnlegt, og undarlegt, þar sem Svavar er meðlimur í því félagi, sem hér sýnir. Þá gegnir furðu, að Jón Engilberts á ekkert verk á sýningunni — fyrst leitað var til nokkurra utanfélagsmanna, en án þessara er vitanlega um mjög glöppótta yfirlitssýningu að ræða. Ekki er hér neitt verk eftir Jóhannes Geir, og fleiri slík dæmi mætti nefna. Hins vegar hefur val málverka eftir þá, sem eiga hlut að máli, yfirleitt tekið vel — frá leikmannssjónarmiði undirritaðs, og þetta sterkasta samsýningin, sem hér hefur verið haldin í fjölmörg ár.

Um þann samtíning höggmynda, sem hefur verið komið fyrir hjá uppgöngunni í Listasafnið, verður því miður ekki sagt, að hann gefi hugmynd um það sem hér hefur verið unnið að þessari listgrein á síðustu árum. Þar hefur mörgum verkum verið hrugað í lífinn sal, svo hvert um sig fær traúla notið sín. Fyrirkomulagið er jafnvel ankannalegra en þengslin, samanber Kristmynd Ólafar Pálsdóttur og hausana sitt til hvorrar handar vinstra megin stigans.

Ásmundur Sveinsson á hér ekkert verk, en það dregur vitanlega mjög úr gildi sýningarinnar. Hins vegar er skiljanlegt, að Ásmundur hafi ekki langað í þengslin, ef sú er ástæðan til þess að verk hans eru fjarverandi. Þá er hér engin mynd eftir Gerði Helgadóttur.

Nokkrar þessara mynda hljóta þó að verða til augnayndis, til dæmis járnmynd Sigurjóns Ólafssonar (no. 28). Þessi mynd kom áður fram á sýningu Félags ísl. myndlistarmanna, í tré. Hún nýtur sín greinilega miklu betur eins og Sigurjón hefur nú gengið frá henni. Fólaldsmeri Sigurjóns (frumdrög) gefur litla hugmynd um mikilleika hennar í fullri stærð. Af öðrum verkum má nefna Stigandi eftir Guðmund Benediktsson og tvo hausa eftir Guðmund Eliasson. Gunnfríður Jónsdóttir, Jón Benediktsson, Magnús Á. Arnason, Nína Sæmundsson, Ólöf Pálsdóttir og Ríkharður Jónsson eiga myndir á sýningunni, en samtals eru höggmyndirnar 28 og gefur það nokkra skýringu á hve erfitt er að njóta þeirra í hinum litla sal.

Málverkunum er sýnu betur fyrir komið og tiltölulega rýmra um þau flest. Eg efast um, að hér hefði verið hægt að koma málverkunum öllu betur fyrir. Sum verkin njóta sín þó ekki til fulls, vegna stærðar og sérstakra eiginleika lita og myndbyggingar, í þessum litlu sölu. Eg nefni hið mikla verk Gunnlaugs Schevings, Vornótt, til dæmis. Annað stórvork Gunnlaugs, Haustkvöld, nýtur sín mun betur, þrátt fyrir liti, sem sópa flestu öðru burt fyrst

í stað í þessum sal. Þessi tvö verk eru meðal þess, sem varir lengst í minni frá sýningunni.

Þorvaldur Skúlason er maður sinnar tíðar, ef til vill fremur en nokkur annar málari hérlandur. En Þorvaldur hleypur ekki eftir hentistefnum listarinnar, hann er ekki meðal þeirra, sem endurfæddust í tascheismanum þótt nú megi finna nýja mykt í verkum hans, til dæmis í mynd no. 65. Litameðferðin þar minnir fastlega á næstsiðustu sýningu Þorvalds í Lista mannaskálanum, en nú er eins og formið hafi öðlazzt nýja, allt að því ljóðræna mykt. No. 62 og 63 orka að sínu leyti á hliðstæðan hátt og 65 — jafnvel minna þessi verk á landslag, ef einhver vill svo vera láta, en nú er mjög í tísku að setja abstrakt málverk í samband við landslag („abstrakt natúralismi“) jafnvel þótt þau byggist eingöngu á myndrænum eigindum að því er séð verður. Það er fjarri mér að halda, að slíkt hafi vakað fyrir Þorvaldi. Hitt þykir mér sennilegra, að list hans beinist nær þeirri braut, sem spámenn segja að muni taka við af tascheisma og geómetriskri abstraksjón: ný rómantísk list, ákaflega formföst.

Benedikt Gunnarsson hefur fyrir löngu slakað á forminu án þess að gefa sig tascheismanum á vald. Hann á þrjú málverk á sýningunni, hvert um sig gott dæmi um þessa breytingu, en af þeim fellur mér Haust (no. 2) best í geð. Kristján Davíðsson á fimm myndir á vegg gegnt Benedikt, og þar á meðal þá mynd, sem er stærst að flatarmáli á þessari sýningu, Fiska heimur (no. 46). Þetta stórvork nýtur sín furðulega vel í litlum salarkynnum, og minnir á, að lengd og breidd á málverki segir ekki til um, hvað það er rúmfrekt. Kristján er einn þeirra manna, sem verða að teljast til „abstrakt natúralista“ þrátt fyrir mótsögnina í slíkri skilgreiningu. Jafnvel í hinum gömlu, aðskiljanlegu stílbrogðum Kristjáns virðist mega greina, að slíkt tjáningarform hafi legið fyrir honum.


Valtýr Pétursson á hér fjórar myndir mjög áþekkar sýningu hans í Húsgagnaverzlun Reykjavíkur í vor, en tæplega jafn góðar og beztu myndir hans á þeirri sýningu. Fjórar myndir Sigurðar Sigurðssonar láta lítið yfir sér í félagsskap þriggja síðasttalinna, en bera allar vott um vönduð vinna brogð þessa stöðuga málara. Slíkar myndir eru dálítið vandskoðaðar innan um „sláandi“ verk.

Verk Jóhannesar Jóhannessonar, Sól í sinni (no. 25) prentuð í sýningarskrá, er tilefni til að staldra við. Málarninn hefur náð kyrrstæðri spennu, sameinað hreina myndbyggingu og líf flatarins, sýnt fulla dirfsku í lit og bundið þetta í stríða en órjúfanlega heild. Sömu viðleitni gætir í öðrum myndum Jóhannesar á sýningunni, en þessi ber af. Steinþór Sigurðsson á fjórar þekkilegar myndir á næsta vegg; no. 56 og 59 þóttu mér fallegastar. Þó held ég, að Steinþór hafi gert betur fyrri. Myndir Guðmundu Andrésdóttur tel ég þær beztu, sem ég hef séð eftir hana, en ekki nægilega góðar til að þær réttlæti það pláss, sem henni er ætlað á sýningunni.

Eiríkur Smith fyllir flokk „abstrakt natúralistanna“ og má eiginlega kallast frumkvöðull þeirrar stefnu hér, sbr. sýningu hans á horni Hverfisgötu—Ingólfs strætis haustið 1957. Eiríkur tók þessa stefnu út frá mjög harðum Framhald á 11. síðu.



Júlíana Sveinsdóttir: Frá Vestmannaeyjum.




Jóhannes Jóhannesson: Sól í sinni.



Nína Tryggvadóttir: Málverk.




Eiríkur Smith: Fjallalækir.



Guðmundur Benediktsson: Stigandi.

við forystuhlutverki á þessum árum.

Þau átök, sem hafa átt sér stað um málalist á Íslandi, benda til þess, að málarnir ættu eftir að vinna stórvirkni. Þau sýna, að málarnir hafa trúnað á sjálfa sig og vissar stefnur af meiri ofsa en flestir aðrir listamenn. Móthárurnar hafa stappað í þá stálinu fremur en að draga þá niður. Á sama tíma gerist æ hljóðara um aðrar listir. Dellur um rithöfunda lognast út af, en í stað þess er farið að tala um kreppu í bókmenntum, einkanlega skáldsagnagerðinni. Tónskáldafélagið lýsir nú yfir, að íslensk tónlist seinustu 40 ár sé enn að mestu ókunn þjóð-



Guðmundur Eliasson: Andlitsmynd.

MÓÐURJÖRD

Framhald af 7. síðu.
hópi leggja nú leið sína til ætt-
jarðarstranda .

Vér höldum hér hátíðlegt í dag 20 ára afmæli hins íslenzka lýð-
veldis. Það gera Vestur-Íslending-
ar einnig víðs vegar um álfuna
í þessum blessaða degi, eða um
þessar mundir. Satt að segja, á
ég dálítið erfitt með að átta mig
á því, að tuttugu ár séu liðin síð-
an lýðveldið var stofnað á Þing-
völlum 17. júní 1944. En við, sem
hárum gæfu til þess að lifa þann
sigurrika dýrðardag, gleymum hon-
um aldrei. Hann lifir í hugum vor-
um eins og yndislegt og eilíf-ungt
vorsins ljóð.

Með stofnun lýðveldisins fór
sterk vakningaralda um þjóðina,
enda hefir ný landnámsöld ríkt
hér á Íslandi undanfarið, og svo
er enn með mörgum hætti. Eg
hefi verið svo lánsamur í seini
tíð að geta komið hingað heim á
fárra ára fresti, og hefi því af
eigin sjón og reynd, og með fagn-
andi huga, fylgt með hinum stór-
stígu framförum á mörgum svið-
um.

En kynni mín af dásamlegri
sögu þjóðar vorrar, og af sigur-
vinningum íslenzkra landnema í
Vesturheimi í harðsótttri brautryð-
endabaráttu þeirra, hafa glætt mér
í brjósti bjargfasta trú á íslenzku
þjóðina og framtíð hennar, á þann
manndóms- og frelsisanda, sem
með henni býr, og fram hefir
komið í svo mörgum og glæsileg-
um myndum á fönnum ferli henn-
ar.

Í þeirri framtíðartrú flyt ég
forseta Íslands, ríkisstjórninni og
þjóðinni allri, hjartanlegar heilla-
óskir Þjóðræknisfélags Íslendinga
í Vesturheimi og Íslendinga þar
í álfu nú á 20 ára afmæli hins ís-
lenzka lýðveldis. Bið ég svo landi
og lýð blessunar um ókomna tíð
í hjartaheitum bænarorðum þjóð-
vakningarmannsins Eggerts Ólaf-
sonar:

Ísland ögrum skorið,
eg vil nefna þig,
sem á brjóstum borið
og blessað hefir mig,
fyrir skikkan skaparans
Vertu blessað, blessi þig,
blessað nafnið hans.

MYNDLIST Á LISTAHÁTÍÐ

Framhald af 6. síðu
snúinni geometrískri abstraktsjón
án þess að leiðast út í raunveru-
legan tascheisma. Hins stranga
formskóla gætir enn í verkum
hans, þótt hann sé að nokkru dul-
inn undir nýrri áferð. Um skeið
var eins og málarinn leitaðist við
að ná með áferðinni einhverju því,
sem ekki tilheyrir málaraalist. Lit-
urinn varð hrjúfur og þurr, eins
og lausar skófir á myndfletinum.
Nú lifir hann aftur með fletinum,
og Eiríkur tekst á með meiri
snerpu, jafnvel ofsa, en nokkru
sinni fyrr. Hann á þrjú verk á
sýningunni. Tvö þeirra mega kall-
ast stórbrotin.

Meistarí Kjarval á hér sinn vegg
og tíu myndir, en ég ætla mér
ekki þá dul að fara að segja öð-
rum frá því, hvað þær eru skemmti-
legar. Jóhann Briem — aðeins
tver myndir. Önnur þeirra, Bleik
jörð, er gott dæmi um þau stór-
merki, sem hafa gerzt í list hans
á síðustu árum. Hin myndin þyk-
ir mér illa valin.

Sverrir Haraldsson á eitt mál-
verk, sýnt í Listamannaskálanum
í vetur, og dæmi um þau viðhorf,
sem Sverrir hefur nú tileinkað sér,
og Hafsteinn Austmann tvö mál-
verk, þar af annað (no. 16) dæmi
um þá hnitmíðun, sem er eiginleg
Hafsteini og kemur fram í öllum
beztu verkum hans.

Þá er eftir að geta Nínu Tryggva-
dóttur og Júlíönu Sveinsdóttur, en
verk þeirra eru sýnd andfætis í
fyrsta sal. Í fljótu bragði virðist
hér um miklar andstæður að

ræða, ekki aðeins þær andstæður,
sem fólgnar eru í þeirri list, sem
minnir á fyrirmyndir náttúrunnar
annars vegar og abstraktlist hins
vegar, heldur í hljóðlátu innra lífi
sem fyllir myndir Júlíönu og aug-
ljósu genaliteti Nínu, sem hleyp-
ur þó engin gönúskeið. Við nán-
ari athugun kemur í ljós, að verk
Nínu hafa einmitt á síðustu ár-
um öðlazz eitthvað, sem minnr á
þann dulræða innileik, sem Júlí-
ana býr yfir, og Nína var raunar
löngu búin að sýna á annan hátt,
t. d. í portrettverkum sínum. Mun-
urinn á Nínu Tryggvadóttur og
Júlíönu Sveinsdóttur er kannski
munur tveggja kynslóða fremur
en nokkur annar. Nína á fimm
verk á sýningunni og Júlíana sex.
Þessar konur eru fulltrúar hins
beztu í íslenzkri málaraalist.

Nokkrir málárar eiga hér svart
list, vatnslitamyndir og fleiri teg-
undir myndlistar í hliðarsölum.
Bragi Ásgeirsson á þar sex mynd-
ir, þar af tvö olíumálverk, en ekki
er ég ánægður með val þeirra.
Þessar myndir veita litla hug-
mynd um getu Braga yfirleitt.
Sama er um tvær litlar myndir
eftir Einar G. Baldvinsson.

Aðrir sem eiga verk í þessum
sölum eru Hringur Jóhannesson,
Eiríkur Smith, Hörður Ágústsson,
Jóhannes Jóhannesson, Barbara
Árnason, Guðmunda Andrésdóttir,
Hjörleifur Sigurðsson, Snorri
Sveinn Friðriksson, Steinþór Sig-
urðsson, Þorvaldur Skúlason og
Valtýr Pétursson. Ásgerður Búa-
dóttir sýnir þar vefnað, en Land-
námið, veggteppi Vigdísar Kristj-
ánsdóttur, ofið eftir málverki Jó-
hanns Briem, er sýnt ásamt högg-
myndunum.

Af svartlistinni þóttu mér at-
hyglisverðastar myndir þeirra
Harðar Ágústssonar og Snorra
Sveins Friðrikssonar, fullkomnar
andstæður í myndsköpun, en mark
vissir báðir tveir.

Eg vil geta þess að lokum, að
ritstjóri blaðsins fór þess á leit
við mig, að ég gerði nokkra grein
fyrir þessari sýningu, þar sem
aðrir höfðu ekki sýnt sig líklega
til þess. Eg treysti mér ekki til að
verða við þessu án þess að segja
það sem mér finnst um mörg ein-
stök verk. Umsagnirnar eru því
skoðanir áhugamanns.

Baldur Óskarsson

Á fönnum vegi

Framhald af bls 3
daginn fer að lengja aftur, áður en
að henni er flýtt, en þurfa svo að
nota ljós þeim mun lengur á kvöld-
in. Það er að vísu kannski tömt mál
að tala um sparnað nú orðið, enda
heyrir það orð nú sjaldan, og er
sem það sé að hverfa úr málinu. —

Sama má og raunar segja um orð
in nýtni, og nægjusteimi, þau eru nú
orðin næsta sjaldgæfi, en tynist
þessi orð, þá tynast um leið þau
hugtök, og þau viðhorf sem þau
táknugu, og þeim voru tengd, og
eitt sinn voru talin meðal góðra
dyggða. Það þykir því líklega tæp-
ast taka því að tala um sparsemi í
sambandi við þessa tilfærslu á
klukkunni, eða eyðslusemi, sem er
mótsetning hennar. Þó er það svo,
að mestan hluta þess tíma, sem
klukkan er höfð sein, mun vera um
einnar klst. lengri ljósatími á
flestum byggðum bólum. Yfir allt
landið mun þetta nema þó nokkru.

Þá má ekki gleyma hinum sál-
rænu áhrifum. En yfirleitt mun
tilfærsla klukkunnar koma mönnum
meira og minna úr jafnvægi, og
skapa þeim leiða. Er óskandi að
söðlað verði um aftur á næsta
hausti og klukkunni EKKI seinkað.
Því munda flestir fagna.

En það, sem ýtti við mér, að fara
að minnst á þetta mál núna, er
breyting sú, sem verður á útsend-
ingu veðurfrétta við færslu kluk-
unnar. Á veturna kemur aðalveður-
spáin að morgnlnum kl. 9,10, og

MAÐUR FYRIR BORD

FB-Reykjavík, 19. júní.

Um kl. hálfvö í nótt féll
maður fyrir borð af togaran-
um Þorsteini Ingólfssyni,
þar sem hann var staddur
um hálf tíma siglingu frá
Reykjavík.

Blaðið getur ekki gefið
upp nafn mannsins, vegna
fjarstaddra ættingja.

Áskorun til lands- fundar K.R.F.Í.

Í dagblaðinu „Vísir“ þriðjudag
inn 18. febrúar 1964 er blaðsíðu-
grein með þessari yfirskrift: „Eig
um við að biða í 34 ár eftir he-
mili fyrir ólánssamar stúlkur.“ Höf-
undur greinarinnar er hinn þjóð-
kunni skólastjóri Magnús Sigurð-
son.

Ekki er hér að því stefnt að
íekja efni þessarar greinar, en að
eins á það bent að með þeim
seinagangi, sem verið hefur á sam-
svarandi heimili fyrir ólánssama
drengi, er það rökrétt ályktun
skólastjórans, að stúlknaheimilið
yrði ekki risið af grunni fyrr en
að 34 árum liðnum.

Með þetta í huga leyfi ég mér
að beina þeirri áskorun til Lands-
fundar Kvenréttindafélags Ís-
lands, að taka það til gaumgæfi-
legrar yfirvegunar, hvað unnt sé
að gera, til þess að hið bráðasta
verði unnt að starfrækja það
stúlknaheimili, sem hér um ræð-
ir, svo og hvernig unnið skuli að
því að byrgja eyndabrunnana, að-
ur en börnin deita ofaní þá.

19. júní

Viðingarfyllst,
Guðrún Pálsdóttir.

Á VIÐAVANGI

leg vinnubrögð, gera fullkomn-
ar áætlanir um efnahagsfram-
vindu, sem farið verður eftir,
skipuleggja byggð landsins af
skynsemi, efla og endurskoða
allt skóla og fræðsluferfi í
landinu. Það verður að setja
markið hátt og vinna skipulega
og skynsamlega að því að ná
því á sem skemmstum tíma.

kl. 4 eða 16,00 síðdegis. Eftir að
klukkunni er flýtt breytist þetta
þannig að samsvarandi veðurspá
kemur kl. 10,10 að morgni, og kl.
4,30, 16,30 síðdegis. Þetta er sveita-
fólkinu, og sennilega öllum sem
eitthvað hafa með veðurspá að
gera, mun óhentugra. Í raun og
veru kemur veðurspáin á sama tíma,
en eins og ég sagði áður, þá verða
menn að binda sig við klukkuna. —
Klukkan 9 á morgnana eru menn yf-
irleitt að drekka morgunkaffið, eða
borða grautinn, sem kemur í sama
stað niður, og geta þá hlustað á
veðurspána um leið. Sama er að
segja í hinu tilfelliinu, þá eru menn
að drekka síðdegiskaffið, og geta
þá hlustað á veðurspána í sam-
bandi við það. Þessi tilfærsla er
því á misskilningi byggð, og til mik-
ils óhagræðis, auk þess sem það er
alltaf ávinningur að fá veðurspána
fyrr en seinna, í sambandi við dag-
leg vinnubrögð.

Vil ég því hér með eindregið skora
á veðurstofuna að taka tillit til
þessa, og útvarpa nefndum veður-
spám á sama tíma, EFTIR KLUKK-
UNNI, eftir að henni hefur verið
flýtt.

Fyrsta sumardag 1964.

Stefán Kr. Vigfússon.

Helgi Skúlason hlaut Silfurlampann

GB-Reykjavík, 19. júní.

Silfurlampinn, viðurkenning Fé-
lags íslenzkra leikdómenda fyrir
beztu leik ársins, var veitur í
kvöld í lokahófi Listahátíðarinn-
ar, sem fram fór í Súlnasal hótél
Sögu, og hlaut lampann að þessu
sinni Helgi Skúlason.

Silfurlampann hlaut Helgi fyrir
hlutverkið Franz í Föngunum í

Altona eftir Sartre, sem Leikfé-
lag Reykjavíkur flutti í vetur. Að
kvæði þau, sem Helgi fékk í að-
kvæðagreiðslu leikdómenda, gáfu
útkomuna 575 stig. Næst að stiga-
tölu varð Herdís Þorvaldsdóttir,
525 stig fyrir hlutverkið Maggí í
danska leiknum Táningaast, sem
Þjóðleikhúsið flutti og sýningum
lauk á fyrir skömmu.

Sjálfsbjargarþing

6. þing Sjálfsbjargar, landssam-
bands fatlaðra var háð á Húsavík
dagana 29.—31. maí s. l. Þingið
var sett í Samkomuhúsinu föstu-
daginn 29. maí kl. 10 f. h. Formað-
ur landssambandsins Theódór A.
Jónsson setti þingið með ræðu.
Innan landssambandsins eru 10
félög með á áttunda hundrað virkra
félaga og álika margra styrktarfé-
laga.

Skrifstofa landssambandsins er
að Bræðraborgarveg 9. Til hennar
leituðu á síðasta starfsári á átt-
unda hundrað manns, þar af voru
beinar fyrirgreiðslur 247.

Í ágúst s. l. var haldinn í Reykja-
vík stjónarfundur V. N.Í. (Banda-
lags fatlaðra á norðurlöndum.)
Sóttu fundinn fulltrúar frá öllum
norðurlöndunum, og voru þar
rædd ýmis hagsmunamál fatlaðra.

Stærsta verkefni er landssam-
bandið vinnur æð, er undirbúning-
ur að byggingu vinnu- og dvalar-
heimilis fyrir fatlaða í Reykjavík.



Konan mín,

Valgerður Pálsdóttir
frá Vík í Mýrdal,

andaðist 18. júní.

Sigurður Einarsson.

Útför

Brynjólfs Þórðarsonar
Gelti, Grímsnesi,

sem andaðist sunnudaginn 14. þ. m., fer fram frá Stóru-Borg
þriðjudaginn 23. þ. m. kl. 2 e.h.

Börnin.

Móðir okkar og tengdamóðir,

Þurður Hannesdóttir
frá Dísastöðum.

andaðist að sjúkrahúsinu Sólvangi, Hafnarfirði 18. þ. m. Jarðar-
förin ákveðin síðar.

Börn og tengdabörn.

Innlegar þakkir tilallra þeirra, er heiðruðu mig á
sextugsafmæli, þ. 5. júní sl., með heimskónum, gjöf-
um og heillaskeytum.

Blessi ykkur allt, sem best er.

Þórarinn Þórarinsson, Eiðum.

Þökkum sýnda samúð og vinarhug við andlát og jarðarför,
Guðmundar Björnssonar
frá Hvammstanga.

Börn og tengdadaetur.

Móðir mín,

Filippa Þorsteinsdóttir,
Dragaveg 4.

andaðist á Landsspítalanum aðfaranótt 16. þ. m. Jarðarförin fer
frám frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 24.6. kl. 13.30.

Blóm og kransar afbeðið, en þeir sem vildu minnst hennar er
vinsamlega bent á Styrktarfélag vangefinna

F. h. aðstandenda,

Þorsteinn H. Ólafsson.